

## AUGLÝSING

### um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin á Eyrargötu milli Túngötu og Vetrarbrautar.
2. Stöðvunarskylda verði á Kirkjustíg gagnvart umferð um Lindargötu.
3. Biðskylda verði á Vallargötu gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
4. Biðskylda verði á Ránargötu gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
5. Biðskylda verði á Mjóstræti gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
6. Biðskylda verði á botngötu við hús nr. 29 við Hvanneyrarbraut gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 7. desember 1998.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**

## AUGLÝSING

### um váttryggingarfjárhæð í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 41.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 20.000 krónur að lágmarki og 200.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.100.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildi fyrir árið 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1998.*

F. h. r.

**Björg Thorarensen.**

*Stefján Eiríksson.*